



Dagfari

Mars 2026 - 1. tbl. 52. ágangur

LANDSFUNDUR SHA 2026

LAUGARDAGINN 28. MARS Í FRIÐARHÚSI

11:00 - Stjórnarkjör og hefðbundin aðalfundarstörf.

Léttur hádegisverður í boði.

13:00 - Þórir Jónsson Hraundal, lektor í Mið-Austurlandafræðum og arabísku við Háskóla Íslands fjallar um Íran og bakgrunn stríðsins sem þar geisar nú um stundir.

Að málstofunni lokinni halda fundarstörf áfram en áætlað er að fundi ljúki eigi síðar en kl. 16.

Friðarsinnar geta hitað upp fyrir landsfundinn að kvöldi föstudagsins 27. mars. Þá verður hinn mánaðarlegi fjáröflunarmálsverður SHA haldinn í Friðarhúsi. Borðhald hefst kl. 19. Verð kr. 3.000. Öll velkomin. Matseðill og dagskrá kynnt á Friðarvefnum.

ISSN 1027-3840 | Útgefandi: Samtök hernaðarandstæðinga,
Njálsgata 87, 101 Reykjavík | [www.fridur.is](#) | [sha@fridur.is](#)
Ritstjórn og ábyrgð: Guttormur Þorsteinsson og Stefán Pálsson

Endursendist með upplýsingum um breytt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

Pistill formanns

Þegar þetta er skrifað stendur yfir stríð við Persaflóa sem mun hafa miklar afleiðingar löngu eftir að þetta blað kemur út, hvort sem að beinar árásir halda áfram eða ekki. Bandaríkin hafa hingað til ekki hætt á það að umferð olíuskipa um Persaflóa yrði ógnað með því að ráðast á Íran þó að það hafi lengi verið blautur draumur stríðshauka í báðum flokkum að ráða niðurlögum klerkastjórnarinnar. Það er ljóst að það að drepa æðstu ráðamenn hefur ekki fellt hana eða knúið Íran að samningaborðinu enda hafa þessar og fleiri árásir sýnt að ekkert er að marka samninga við Trump-stjórnina.

Hvort sem það næst að stoppa átökin áður en að hagkerfi heimsins fer á hliðina eða að innviðir í Íran eru lagðir gjörsamlega í rúst þá er ljóst að trúverðugleiki Bandaríkjanna og vesturveldanna er endanlega kominn í ruslflokk. Eina ríkið sem getur treyst á Bandaríkin er Ísrael og það er orðið að stjórnlausu útlagaríki með þann auða tékka í vasanum. Það er óskandi að nú hilli undir lokin á blóðugri sögu íhlutanna Bandaríkjanna í Mið-Austurlöndum. En ef gripið verður til landhernaðar er ljóst að Bandaríkin munu flækjast inn enn

annað endalaust stríðið í heimshlutanum á þessari öld og að öllum líkindum það hættulegasta.

Því miður er önnur líkleg afleiðing þessara atburða sú að fleiri ríki hugi að því að koma sér upp kjarnavopnum. Kjarnorkuafvopnun og samningar eru þó enn einu raunhæfu leiðirnar út úr þeirri óreiðu og lögleysu í alþjóðamálum sem stórveldin með Bandaríkin fremst í flokki hafa kynnt undir á síðustu árum og áratugum.

Hér á landi þurfum við að horfa til þess hvernig íslensk stjórnvöld bregðast við þessari upplausn alþjóðalaga og kerfa. Því miður virðist allt benda til þess að það verði með því að skríða enn lægra fyrir herveldum beggja megin Atlantsála. Stefnt er að hervæðingu íslensks samfélags, iðnaðar og menntakerfis. Þessu verðum við að standa gegn. Eitt af viðbrögðum SHA hefur verið að móta okkar eigin þjóðaröryggisstefnu sem við munum m.a. taka til umræðu á landsfundi.

Guttormur Þorsteinsson
formaður SHA.



Bókin „Gengið til friðar“ kom út á árinu 2024 í samstarfi Samtaka hernaðarandstæðinga og bókaútgáfunnar Skruddu í ritstjórn Árna Hjartarsonar.

Í þessari efnismiklu og ríkulega myndskreyttu bók fjallar hópur höfunda er sögu herstöðvabaráttunnar um sex áratuga skeið frá mörgum hliðum,

Bókina má nálgast í Friðarhúsi eða með því að senda póst á sha@fridur.is



Margmenni var á fundi Samtaka hernaðarandstæðinga við sendiskrifstofu Grænlands laugardaginn 24. janúar. Hernaðarandstæðingurinn Steinunn Þóra Árnadóttir, fyrrum formaður Vestnorræna ráðsins flutti meðfylgjandi ræðu:

Ágæta samkoma

Við erum hér saman komin til samstöðufundar með nágrönnum okkar og vinum á Grænlandi.

Grænland – þetta ótrúlega fallega og gríðarlega stóra og strjálbýla land, sem er okkar næsti nágranni! Slípuðu beru klappirnar, ísinn og ísjakarnir sem mynda síbreytileg listaverk á sjónum, birkivaxnar hlíðarnar í fjörðunum í suðri og svo öll víðáttan.

Ég þekki engan sem hefur komið til

Grænlands og ekki heillast algjörlega. Það voru mikil forréttindi að vera formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins í nokkur á og vera í eitt ár formaður þess – ráðsins sem formgerir þingmannasamstarf þriggja ríkja: Íslands, Grænlands og Færeyja.

Áhersla Grænlinga þar hefur verið skýr:

- Ekkert um Grænland án Grænlinga.
- Norðurslóðir eru ekki taktískt landsvæði í stórveldabrólti heldur heimili fólks.
- Krafa um að vera fullgildur aðili að Norðurlandaráði, krafa sem Íslendingar hafa stutt með ráðum og dáð.

Það hefur verið vægast sagt ömurlegt að fylgjast með dólgshætti, fyrirlitningu og frekju Donalds Trump forseta valdamesta og öflugasta hernaðarveldis veraldar síðustu daga, vikur og mánuði.

Og einhver kunna að spyrja – það er að segja einhver önnur en við sem hér erum saman komin í dag – hvort það skipti einhverju máli að halda fund til stuðnings Grænlingum og Grænlandi? Og svarið er skýrt – Það skiptir máli!

Hvað Trump sjálfan varðar held ég að það skipti reyndar engu máli, ekki frekar en aðra ráðamenn í heiminum sem gefa skít í Alþjóðalög eða almenning.

En það skiptir máli fyrir grænlsku þjóðina að finna að fólk stendur með þeim og hagsmunum þeirra. Og það skiptir mál að aðrir þjóðarleiðtogar sjái að almenningur víðsvegar um heiminn standi með Grænlingum.

Það hefur verið fróðlegt og oft og tíðum gaman að fylgjast með baráttu Grænlinga á liðnum árum og áratugum fyrir réttindum sínum og kröfum um að þeir fari með sín eigin mál. Það hafa vissulega verið ólíkar skoðanir um það hversu hratt beri að krefjast sjálfstæðis frá Dönum og fyrir kosningarnar fyrir tæpu ári var áhersla margra á að velferðar- og heilbrigðismál, menntamál og styrking

innviða væru brýnust, og liður í því að þétta og styrkja samfélagið til að undirbúa sjálfstæðið.

Á sama tíma voru Grænlingar, með grænlskar konur í fararbroddi, að krefjast réttlætis í hinu hræðilega lykkjumáli. Þar sem getnaðarvarnarykkjum var komið fyrir án samþykkis og vitundar í þúsundum grænlskra stúlkna og kvenna í þeim tilgangi að draga úr frjósemi þeirra. Þjóðarmorð var orðið sem sum notuðu. Að lokum baðst danski forsætisráðherrann afsökunnar vegna málsins og konur fá greiddar skaðabætur. Skaðabætur sem grænlskar konur hafa bent á að sé viðurkenning á því sem þeim var gert en bæti að sjálfsögðu ekki skaðann sem heilsuleysi og barnleysi gegn þeirra vilja hefur haft í för með sér.

Það virtist ástæða til bjartsýni fyrir framtíðina.

Það er óhætt að segja að yfirlýsingar Trump um að Bandaríkin verði að eignast Grænland hafi vakið upp ugg í fólki. Eðlilega! Við hér í okkar heimshluta höfum horft upp á risaveldin vaða yfir fátæk og fjarlæg ríki á skítugum skónum og fótum troða sjálfsákvörðunarrétt þeirra. Við höfum séð ríkisstjórnnum steyppt, auðlindum rænt og lögmætum stjórnvöldum skipað fyrir verkum. En það var langt í burtu! Þess vegna bregður okkur við þegar þeir sem voru skil-

greindir sem bandamenn eða vinaþjóðir beita sömu brögðum hér heima í túngarðinum hjá okkur. Gegn okkar næstu nágrönnum.

Við þessar aðstæður verður ógn hernaðarveldisins skyndilega þrúgandi. Í grænlenskum fjölmiðlum hefur mátt lesa um það hvernig fólk hefur liðið illa, það sofið illa á nóttunni og kviðið því að heyra hvað komi næst frá Trump.

Grænlandingar eru líkt og við Íslendingar með Varnarsamning við Bandaríkin. Sá samningur veitir raunar Bandaríkjunum rétt til að gera nánast það sem þeir vilja ef þeir telja ástæðu til. Þessi samningur var ekki gerður í neinu samráði við Grænlandinga sjálfa. Hann var gerður milli bandarískra og danskra stjórnámálmanna. Stórum hlutum hans var haldið leyndum, meira að segja fyrir danska þinginu – hvað þá heimamönnum.

Þetta er ljót saga. Til þess að rýma fyrir herstöðvunum var fólk flutt nauðungarflutningum af heimilum sínum og burt úr byggðarlögum. Þegar Bandaríkjaher ákvað að geyma kjarnorkuvopn á Grænlandi var það gert með leynisamningi. Svo árum skipti flugu bandarískar herflugvélar í sífellu með kjarnorkuvopn innanborðs yfir Grænlandi og lentu bara til að taka eldsneyti. Eins slík vél fórst með þeim afleiðingum að geislavirk efni bárust út í umhverfið. Verkamennirnir

sem fengnir voru til að moka upp geislavirkan snjóinn fengu ekkert að vita um það og fjöldi þeirra dó úr krabbameini.

Undanfarna áratugi hefur bandaríkjaher lokað öllum grænlensku herstöðvum nema einni og skilið eftir sig kjarnorkuúrgang, olíumengun og drasl sem ekkert bendir til að ætlunin sé að hreinsa. Í þeim herstöðvum sem Bandaríkin kunna nú að vilja opna á Grænlandi verða sömu kröfur gerðar og Bandaríkjamenn fengu dönsk stjórnvöld til að samþykka á dögnum varðandi bandarískar herstöðvar í Danmörku: innan þeirra gilda bandarísk lög. Danskir dómstólar mega ekki dæma í afbrotum sem þar kunna að vera framin.

Bandaríkin hafa alltaf verið knúin áfram af heimsvaldastefnu og hafa ekki hikað við að víkja til hliðar alþjóðalögum til að gagnast eigin hagsmunum – við erum hinsvegar vanari því að íhlutanir og árásarstríð eigi sér stað í öðrum og fjarlægari heims hlutum.

Gaza, Venesúela – man einhver Írak, Afganistan, Líbýu?

Við hernaðarandstæðingar höfum alla tíð bent á það að Varnarsamningurinn og raunar aðildin að Atlantshafsbandalaginu hafi alltaf snúist um varnir og hagsmuni Bandaríkjanna, ekki okkar. Og það sama gildir um Grænland – og Grænlandingar eru



svo sannarlega að finna fyrir því núna.

Kæru félagar.

Um langt ára skeið var Norðurskautsvæðið skilgreint sem lágspennusvæði – og það var meðvituð pólitísk ákvörðun að hafa það svo. Nú virðist sú stefna fyrir bí, allavega eins og sakir standa. Hermenn Nató, norskir, sænskir, þýskir, franskir og hollenskir svo mætti áfram telja, ganga um götur Nuuk. Og hundruðum milljarða er lofað í aukna hernaðaruppbyggingu með tilheyrandi sóun og skaðlegum áhrifum á samfélag og umhverfi.

Við verðum að krefjast þess að aftur verði horfið til þeirrar stefnu að halda

Norðurslóðum sem lágspennusvæði og koma í veg fyrir vígbúnaðarkapphlaup þar. Vígbúnaðarkapphlaup sem er fjármagnað og stýrt af evrópskum Natóríkjum er ekki síður háskalegt en brölt annarra risavelda. Grænlenka þjóðin á rétt á að lifa í friði og öryggi og ráða sinni framtíð sjálf án þess að vera undir hælnum á herjum erlendra ríkja sem hafa aðra hagsmuni en velferð og farsæld heimamanna efst í huga. Stöndum með Grænendingum.

Steinunn Þóra Árnadóttir



Franska kjarnkuregnhlífin

Frönsk stjórnvöld láta drýgindalega og þykjast geta leyst Bandaríkin af hólmi sem helsta kjarnkuveldi Nató í Evrópu. Þær hugmyndir ganga í berhögg við alla gildandi afvopunarsamninga.

Á dögnum kynntu frönsk stjórnvöld hugmyndir um að þenja út kjarnkuvopnabúr sitt og auka stórlega umsvif franska hersins í öðrum Evrópulöndum. Tillögur þessar voru kynntar sem viðbragð við því að

Bandaríkin teljist ekki nægilega tryggur bandamaður og í þeirra stað myndu Frakkar bjóða öðrum þjóðum skjól undir kjarnkuregnhlíf sinni, eins og það er stundum orðað. Samkvæmt því yrði frönskum kjarnorku-

vopnum ýmist komið fyrir í öðrum löndum eða innviðir í þeim nýttir sem hluti af kjarnorkuviðbúnaðarkerfi Frakka.

Tillögur þessar hafa skiljanlega vakið miklar umræður í þeim löndum sem þær ná til, s.s. í Þýskalandi og á Norðurlöndunum. Hins vegar hefðu hugmyndirnar vafalítið vakið enn meiri athygli á alþjóðavettvangi ef þær hefðu ekki nálega druknað í fregnum af stríðinu í Íran. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Frakklandsstjórn talar á þessum nótum. Síðustu misserin hafa Frakkar ítrekað lýst áhuga sínum á að verða öflugra kjarnorkuveldi, helst í umboði annarra Evrópuríkja – þó ekki væri nema til þess að geta látið nágrannaþjóðir sínar bera hluta af kostnaðinum við þessi ógnardýru vopn.

Þessi áform, sem enn eru ekki að fullu útfærð, ganga í berhogg við NPT-sáttmálann um bann við útbreiðslu kjarnavopna eða í það minnsta eru þau ekki í samræmi við anda hans. NPT-sáttmálinn er í raun eina meiriháttar kjarnorkuvopnasamkomulagið sem eftir stendur, en risaveldin tvö hafa á liðnum árum keppt við að segja upp öllum slíkum samningum eða hafa látið þá renna út á tíma. Í orði kveðnu segjast kjarnorkuríkin og Nató-lönd þó vilja halda NPT-sáttmálann í heiðri. Andstaða þeirra (þar með talið Íslands) við Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum er réttlætt með því að betra sé að vinna að

kjarnorkuafvopnun innan NPT-samningsins. Það er einmitt vegna ætlaðra brota á NPT-samningnum sem Vesturlönd hafa réttlætt refsiaðgerðir og nú síðast árástir á Íran. Frakkar hafa verið sérlega harðir í gagnrýni sinni á stjórnina í Teheran og sakað hana um að vinna að kjarnorkuvopnaáætlun.

Það er því fáránleg hræsni og tvískinnungur fólgin í því að Frakklandsstjórn fyrirhugi að deila kjarnorkuvopnum sínum með nágrannaríkjum. Slík útvistun kjarnorkuvopna Bandaríkjamanna í Evrópu og Rússa í Belarús hefur með rökfræðilegum loftfímleikum verið talin rúmast innan NPT-samningsins með þeim rökum að forræði Bandaríkjamanna yfir vopnunum sé algjört og ótvírætt. Látið er í það skína að sama muni gilda um frönsku kjarnorkuvopnin, en á sama tíma er ljóst að móttökuríkin líta ekki svo á að þau séu með öllu valdalaus um meðferð þeirra. Það er afleiðing að horfa upp á aðför evrópskra Nató-ríkja að síðasta og mikilvægasta kjarnorkuafvopnunar-samningnum sem í gildi er.

Stefán Pálsson

ÍSLAND KAUPIR EKKI BARA HERGÖGN HELDUR ÞRÓAR, FRAMLEIÐIR OG SELUR ÞAU

Síðast þegar ég fékkst við blaðamennsku, hjá Samstöðinni, rak ég augun í lagabreytingu sem var gerð án nokkurrar umræðu, til að liðka fyrir útflutningi hergagna frá Íslandi. Breytingin var gerð tíu mínútum fyrir þinglok í júní 2023 og snerist nánar tiltekið um útflutning varnings með „tvíþætt notagildi“, það er vörur sem geta nýst bæði til hernaðar og til annarra hluta. Þegar ég tók eftir lagabreytingunni í september sama ár greindi ég frá málinu hér og fylgdi því eftir hér.

Þegar Þórdís Kolbrún, þáverandi utanríkisráðherra, mælti fyrir frumvarpinu nefndi hún meðal annars að „viðskiptalegir hagsmunir“ fælust í því, enda heimili mörg ríki ekki innflutning slíkra hluta nema útflutningsleyfi liggi fyrir. Hún bætti því við að þó að ekki séu mörg fyrirtæki á Íslandi „sem stundi útflutning á vörum eða þjónustu með tvíþætt notagildi“ geti verið „um mjög verðmætar vörur að ræða sem byggja í mörgum tilfellum á íslensku hugviti.“ Ég varð forvitinn um hvaða fyrirtæki



Ingvar Helgason stofnandi Stratis tekur þátt í umræðum Resilience Conference í London.

Þetta væru og hvers konar vörur þau framleiddu. Auðvitað lék mér líka forvitni á að vita hver af þeim hefðu lobbíað fyrir lagabreytingunni, enda ekki þess háttar lagabreyting sem stjórnvöld gera án tiltekins tilefnis og samhengis. Í öllu falli var gengið úr skugga um það vorið 2023 að á Íslandi yrði til staðar sá lagarammi sem þyrfti til ábatasamrar framleiðslu og útflutnings hergagna.

Síðan líður tíminn, sjálfur hef ég fengið við önnur störf síðan þá og ekki haft hugann við þessi efni að atvinnu. Tengdar spurningar leita þó stundum á mig í tómsundum, enda ekki þverfótað fyrir hernaðarhyggju þessi árin. Nú í kvöld var ég að skima eftir öðrum hlutum á netinu þegar ég rakst á frétt frá síðast-

liðnum september, 2025, undir fyrir-sögninni „Stratis, a Mysterious Icelandic Startup, Emerges from Stealth to Build a ‘Palantir for Europe’“. Stratis, dularfullt sprota-fyrirtæki frá Íslandi, kemur úr felum til að byggja „Palantir fyrir Evrópu“, mætti þýða fyrir sögnina.

En þýðingar eru snúnar. Þessi fyrir-sögn er fengin úr sérhæfða hernaðarmiðlinum Resilience Media. Ritstjórn miðilsins getur gert ráð fyrir að lesendur hans hafi nokkuð skýra hugmynd um hvað Palantir er. Palantir er bandarískur hugbúnaðar-framleiðandi, sá fremsti í sinni röð, í þróun lausna fyrir lögregludeildir, leyniþjónustur og heri sem vilja geta unnið úr gríðarlegu magni gagna á

sem skemmstum tíma. Það framleiðir með öðrum orðum njósnaþunað sem er nógu eftirsóttur til að fyrirtækið er nú metið á um 300 milljarða Bandaríkjadala, eða nærri því tífalda þjóðarframleiðslu Íslands. Þegar fyrirtækið er ekki í fréttum vegna samstarfs við ICE í Bandaríkjunum eða Ísraelsher, þá er það í fréttum vegna pólitískra viðhorfa forsprakka þess. Meðal þess sem Peter Thiel, stofnandi og stjórnarformaður fyrirtækisins, hefur látið frá sér fara er að hann trúi því ekki að lýðræði og frelsi geti farið saman. Andspænis því vali segist hann fús, jafnvel ódfús, að fórna lýðræðinu og hefur þegar kostað nokkru til þess, með ötulum stuðningi við Donald Trump, auk fjárframlaga til höfunda og miðla á ysta jaðri bandaríska hægrisins, og eftir fleiri leiðum. Einhverju í þá veru þarf að bæta við þegar orðinu Palantir er slegið svona upp í fyrirsögn, til að þýða hana, að íslenska sprotafyrirtækið Stratis hyggist verða eins og það.

Ingvar Helgason, stofnandi Stratis, kynnti fyrirtækið á tveggja daga ráðstefnu í London í september síðastliðnum, Resilience Conference eða Prautseigjuráðstefnunni. Í kynningar-texta ráðstefnunnar segir að þar komi saman „disruptors“, sprotafyrirtækjlangur yfir aðsópsmikla nýliða, „stofnendur, fjárfestar og sérfræðingar sem móta framtíð varnartækni.“

Þátttakendum var sagt að „búast við séraðgangi að tímabærum samtölum um viðfangsefni á við gervigreind, tækni með tvíþætt notagildi, upplýsingaöryggi, skammtatölvur og áhættufjárfestingar, ásamt tækifærum til að tengjast leiðtogum í fremstu röð nýsköpunar á sviði varnarmála.“ Á sama viðburði tilkynnti Ingvar einnig að eistneski sjóðurinn Darkstar hefði þegar fjárfest í Stratis. Í frétt Resilience Media segir að fjárfestingin í Stratis sé stærsta fjárfesting Darkstar til þessa, en fjárhæðin hafi þó ekki verið gefin upp.

Í sömu frétt kemur fram að „Stratis vélin“, það er hugbúnaðurinn sem fyrirtækið framleiðir, hafi verið smíðuð af Smára McCarthy, stofnanda félagsins ásamt fyrrnefndum Ingvari. Haft er eftir Ingvari að á þeim tíma er Smári starfaði í stjórnámálum hafi hann orðið var við það af fyrstu hendi hvað opinberi geirinn væri illa í stakk búinn að vinna úr gögnum. Í því samhengi nefnir hann hagræn gögn, viðskiptaleg og veðurfarsleg. Smári hafi því horfið af þingi og varið undanliðnum þremur og hálfu ári í smíð vélarinnar, sem sé „geysilega öflug.“

Nú hljómar það ekki ósennilega að upphaflega hafi Smári haft hugann við hagræn gögn, viðskiptaleg og veðurfarsleg, og hafi jafnvel enn, enda má ætla að tæknilausnir til að

greiða með miklum hraða úr miklu magni af gögnum geti nýst á fjölda sviða. Og þegar blaðamaður Resilience Media bar áður nefnt uppnefni undir Ingvar, hvort rétt sé að líta á Stratis sem „Palantir fyrir Evrópu“ er Ingvar sagður svara af varkárni: „Það er ekki orðalag sem við notum en við höfum verið kölluð það. Evrópa þarf að hafa yfir sínum eigin, fullveðja hugbúnaði að ráða.“

Notagildið sem Darkstar sér í fyrirtækinu virðist þó ekki beint margþætt. Sjóðurinn er sagður sá fyrsti í Evrópu sem fjárfestir aðeins í hergagnaframléiðslu. Honum er, með orðum af kynningarsíðu hans sjálfs, ætlað að „brúa bilið á milli áskorana nútímahernaðar og tækninnar sem þarf til að mæta þeim. Við viljum gera þetta með fjárfestingum í hlutabréfum, með því að liðka fyrir samstarfi milli ólíkra stofnana, þróa varnartækni-vistkerfið, leysa úr markaðshindrunum og brúa bilið milli þjóða.“ Stjórnendur sjóðsins segjast einkum leita uppi fyrirtæki sem framléiða vörur sem þegar hafa verið sannreynd með notkun á vegum Úkraínuhers. Í því augnamiði heldur sjóðurinn samkomur í Kænugarði sem nefnast Bootcamp. Í tilkynningu sjóðsins um fjárfestinguna í Stratis kemur fram að á þeim vettvangi hafi stjórnendur Darkstar kynnst forsprökkum Stratis.

Engin ástæða er til að ætla að þetta sé eina íslenska félagið sem fæst við hergagnaframléiðslu eða framléiðslu vöru með „tvíþætt notagildi“. Þá veit ég ekki hvernig skráningu félagsins er háttað, til dæmis hvort það þarf á útflutningsleyfum frá Íslandi að halda. Þó virðist það sennilegt, og að þannig njóti það góðs af lagabreytingunni sem liðkaði fyrir þess háttar útflutningi sumarið 2023. Þar er þá komið þúsl, að minnsta kosti, einhver vísir að svari við því í hverju útflutningsverðmætin sem þáverandi utanríkisráðherra nefndi felast. Ísland kaupir ekki aðeins hergögn fyrir Úkraínu heldur þróar, framléiðir og selur þau líka. Njósnavélar. Fjölmíðlar gætu viljað kanna það nánar.

Haukur Már Helgason

(Birtist fyrst á haukurmar.com 16. febrúar. Þar er einnig að finna frekari umfjöllun um hervæðingu Íslands.)



Frá stóru Keflavíkurgöngunni 1976, úr myndasafni SHA.

Sjónarhorn frá Miðausturlöndum

Mið-austurlensku friðarsamtökin METO (Middle East Treaty Organization) héldu vefráðs- stefnu þann 6. mars sl. þar sem Íraninn Emad Kiyaei og Ísraelsk kona, Sharon Dolev, héldu stutt erindi. Það verður fróðlegt að fylgjast með METO á næstunni, en vefsíða þeirra er <https://www.wmd-free.me/>. Þau Emad og Sharon eru bæði forstöðufólk samtakanna.

Ég ætla ekki að skrifa mikið hér – Öllum má ljóst vera að stríðið í Íran er ólöglegt og það er augljóst að lýðræðið er eitt fyrsta fórnarlamb þess. Emad hefur búið í Bandaríkjunum og m.a. starfað við háskólastofnanir. Hann telur að Íran hafi til þessa ekki haft hug á að koma sér upp kjarnorkuvopnum, en það kann nú að hafa breyst. Stríðið hafi því aukið líkurnar á að Íran eignist kjarnorkuvopn. Úps!

Sharon er aktivísti frá Ísrael. Hún segir allt tal um kjarnorkuvopn vera tabú í Ísrael og flestir vita ekki hvað

stríðið í Íran snýst um, þau fá engar upplýsingar um það frá fjölmiðlum. Það megi nánast segja að Ísraelar búi við andrúmsloft nauðgunar (e. in an atmosphere of rape), samkvæmt henni. Aðspurð segir Sharon að miklu fleiri hafa mótmælt Gaza-stríðinu í Ísrael en árásum á Íran, þó hafi lögreglan stöðvað lítinn hóp 20 mótmælenda. En fólk hikar með að fara út úr húsi öryggis vegna – það er himinn og haf milli þess hversu mikilli eyðileggingu Íranar geta ollið í samanburð við Palestínu-menn.

Hún benti á eitthvað jákvætt líka sem hefur gerst síðustu ár; fulltrúar frá 23 arabalöndum (en ekki Ísrael) hittast á hverju ári til að tala um kjarnorkuvopn og sameinast um ályktanir. Vonandi mun stríðið nú ekki riðla þeirri samstöðu. Sharon lauk máli sínu með því að segja að við búum í heimi heimsku. Nóg sagt.

Lowana Veal



Innrás og forsetarán í Venesúela – hvað tekur við?

Liðinn er rúmur mánuður frá árás Bandaríkjanna á Venesúela og ráninu á Nicolás Maduro, forseta landsins. Árás sem kostaði yfir 100 Venesúelabúa lífið og 32 kúbanska ríkisborgara. Áður höfðu þeir drepð yfir 100 manns utan við strendur Venesúela. Nokkru síðar kom John Ratcliffe yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar (CIA) til Caracas til fundar við Delcy Rodríguez, varaforsetann sem þá hafði svarið eið sem forseti landsins, í þeim tilgangi að tryggja óheftan aðgang bandarískra fyrirtækja að hinum geysimiklu olíu- og gasauðlindum landsins: framleiðslu, olíuhreinsun og dreifingu. Ekki er gott að segja hvað fram fór á þeirra fundi en í kjölfarið kvaðst Trump hættur við “seinni árásar-

bylgjuna, það lítur út fyrir að hennar sé ekki lengur þörf”. Kvaðst hann “vinna með” ríkisstjórn Venesúela í þeim tilgangi að koma á jafnvægi og stuðla að umskiptum.

“Það veitir mér sérstaka ánægju að tilkynna að bráðabirgðastjórn Venesúela mun afhenda Bandaríkja- stjórn milli 30 og 50 milljón tunnur af “haldlagðri [sanctioned] olíu”, var haft eftir Trump um það leyti. Tekjum af sölu olíunnar “verður stýrt af mér.” Þetta jafngildir eins til tveggja mánaða olíuvinnslu Venesúela, eða 2.8 milljörðum dala til Bandaríkjanna. Þá hélt Trump fund í Hvíta húsinu með yfirframkvæmdastjórum Chevron, ExxonMobil, ConocoPhillips og fleirum af stærstu

olíufyrirtækjunum og hvatti þá til þess að vinna að 100 milljarða dollara fjárfestingaráætlun í olíu-iðnaðinum í Venesúela, og lofaði því að þeir myndu “fá peningana sína til baka eins fljótt og auðið er” og þá “munum við skipta þessu öllu upp.”

Olíukóngarnir tóku tilboðinu með opnum huga en kröfðu Bandaríkja-stjórn jafnframt um að gera Venesúela “fjárfestingarvænna”. Það “verður að vera ábótasamt fyrir fyrir-tæki og hlutafjäreigendur,” Darren Woods forstjóri ExxonMobil, orðaði það svo “Eignir okkar voru teknar þarna í tvígang og þið getið rétt ímyndað ykkur ef við reynum í þriðja sinn, hvort ekki þurfi verulegar breytingar að koma til” hvað varðar laga-bókstafinn í Venesúela.

Hér voru olíukóngarnir að vitna til þjóðnýtingar olíuiðnaðarins árið 1976 þegar Venesúela lýsti endurheimtu fullveldi yfir náttúruauðlindum sínum. Nálægt aldamótum reyndi ríkisstjórn Venesúela að ná meiri stjórn yfir iðnaðinum sem var að mestu í höndum bandarískra fyrirtækja. Þá breytti ríkisstjórn Hugo Chávez skilmálum erlendra fyrirtækja þannig að hluti olíutekna skyldi renna til félagslegra úrbóta sem ekki var vanþörf á. Þessar aðgerðir nutu mikilla vinsælda meðal vinnandi fólks í Venesúela eins og nærri má geta.

Allar götur síðan hafa ríkisstjórnir í

Bandaríkjunum viðhaft þvingunar-aðgerðir af ýmsu tagi á olíu- og gas-iðnaðinn í Venesúela og stuðlað þar með að hnignun hans og versnandi efnahag lands og lýðs. Til þess að tryggja að þeir fái ríkulegan gróða af fjárfestingum sínum krefjast olíu-kóngarnir þess nú að Venesúelabúar gefi eftir fullveldisrétt yfir auðlindinni og viðurkenni yfirráð bandaríska heimsveldisins.

Efnahagsþvinganir Bandaríkjanna komu í veg fyrir að flest lönd gætu keypt olíu af Venesúela, Kína varð stærsti kaupandinn og er stærsti fjárfestirinn í landinu. Lán í formi dollara streymdu inn í landið og skuldirnar voru komnar í 44 milljarða 2017. Venesúela borgaði til baka með olíu-viðskiptum. Töluverðar fjárfestingar komu einnig frá Rússlandi.

“Ef við hefðum ekki gert þetta (þ.e. ráðist á landið), hefði Kína komið og Rússland hefði komið,” sagði Trump. “Með því að leggja Venesúela og Bandaríkin saman, ráðum við yfir 55% olíunnar í heiminum,” bætti hann við.

Áhrifin á Kúbu

Bandaríkjastjórn hefur nú tekist að koma í veg fyrir allan innflutning olíu til Kúbu undir hótunum um refsiaðgerðir í formi frekari tolla gagnvart þeim ríkjum sem fara ekki að þeirra vilja. Nýlega tókst þeim að þvinga

ríkisstjórn Mexíkó með hótunum til þess að hætta að selja og flytja hráolíu til Kúbu. Þessar aðgerðir bætast við hertar aðgerðir ríkisstjórna Trump og Joseph Biden sem þröngja aðgengi Kúbu að heimsmarkaðnum og bankaviðskiptum; matvælum, lyfjum og lækningavörum. Bandaríkin geta gengið enn lengra. Þau gætu takmarkað eða stöðvað allt flug til Kúbu. Þau gætu ráðist á kúbanska lækna og aðra hjálparstarfsmenn í öðrum löndum. Fyrir því eru fordæmi. Þau gætu stöðvað eða takmarkað enn frekar peningasendingar til kúbanskra fjölskyldna frá ættmönnum í Bandaríkjunum. Slíkar ráðstafanir eru ekki líklegar til vinsælda því mikill meirihluti Bandaríkjamanna vill eðlileg samskipti þessara ríkja. Ólíklegt er að þau geri tilraun til hernaðarinnrásar í landið, slíkt mundi hafa mikið mannfall í för með sér. Þó hefur löngum sýnt sig að heimsvaldasinnar hafa takmarkaðan skilning á þeim styrk og samstöðu sem þjóðfélagsbyltingar skapa.

“Það munu ekki berast fleiri peningar eða olía til Kúbu – núll!” segir Trump þegar hann útleggur stefnu sína. “Ég mæli eindregið með því að þeir semji áður en það verður um seinan.” Ég fjallaði um þetta í skoðanagrein minni á visir.is í lok síðustu viku (<https://www.visir.is/.../kuba-og-sviftingar-i-heimsmalunum>).

Það er helst í fréttum að Kúba hefur

aukið innlenda olúframleiðslu en hún stendur undir þriðjungi orkuþarfar þjóðarinnar. Eins er verið að koma upp fleiri sólarzellugörðum. “Kúbu er frjálst, óháð og sjálfstæð þjóð. Enginn skipar okkur fyrir verkum. Kúba ræðst ekki á önnur lönd, Bandaríkin hafa ráðist á okkur samfelt í 66 ár” segir forseti Kúbu. “Við hótum engum. Við undirbúum okkur, erum reiðubúin til að verja land okkar til síðasta blóðdropa.”

Að lokum þetta: Um helgina var fjallað um ástand mála á Kúbu í hérlandum fjölmiðlum. Morgunblaðið tók viðtal við íslenska eiginkonu sendiherra Bandaríkjanna á Kúbu, fulltrúa þess ríkis sem ber mesta ábyrgð á því hvernig efnahagnum er nú fyrir komið í landinu. Annar andstæðingur byltingarinnar, Tómas R. Einarsson var í Speglinum á Rúv tvo daga í röð. Tómas spáði falli Kúbustjórnar innan næstu mánaða. Ég er að mestu ósammála Tómasi enda var ýmislegt rangt með farið í þættinum. Það eru haldnar kosningar á Kúbu á 6 ára fresti – þar eru einmenningskjördæmi eins og t.d. í Bretlandi. Kommúnistaflokkurinn hefur engan beinan aðgang að þeim og stór hluti þingmanna er ekki í flokknum. Hann er hins vegar eini flokkurinn í landinu þar sem linnulaust

stríðsástand og vel fjármagnaður áróður af hálfu Bandaríkjanna hefur ríkt allar götur frá byltingunni 1959,



þar með taldar tilraunir til þess að ráða forystu landsins af dögum. Á þessu hef ég skilning. Uppreisnin 2021 sem Tómas nefnir svo, var ekki hvað síst skipulögð og fjármögnuðu af Bandaríkjunum, það hefur ekki verið borið til baka. Dóma hlutu þeir sem reyndust sekir um ofbeldi og eignatjón. Ekki er pláss hér til að fara nánar út í þetta.

Bandaríkjastjórn hefur nú snúið sér beint að efninu. Áherslan hefur hingað til verið á mannréttindi eins og þeim hefur verið tamt áður en ráðist er inn í lönd eða þau rægð. Nú telja þau þjóðaröryggi stafa hættu af

Kúbu! Það er með ólíkindum. Samtímis er aðdáunarvert hvernig Kúba hefur getað staðið af sér þetta stanslausu stríð. Hvaða land þolir að skrúfað sé fyrir olíuna ofan á allt annað? Hvaða þjóð á það skilið? Hvers lags heimur er það sem horfir upp á slíkt athugasemdalaust og hvaða speki er að horfa framhjá þessu þegar reynt er að átta sig á þróun mála í Kúbu?

Gylfi Páll Hersir

(Birtist fyrst á visir.is 15. febrúar 2026)

Petta er ekki flókið

Ég fordæmi stríð og morð á börnum.

En hvað ef árásinni er beint gegn hryðjuverkamönnum?

Þá er ég samt á móti stríði og morðum á börnum.

En hvað ef spilling ríkir í landinu?

Þá er ég samt á móti stríði og morðum á börnum.

En hvað ef þeir eiga hættuleg vopn?

Þá er ég samt á móti stríði og morðum á börnum.

En hvað ef viðhorf þeirra til kvenna er gamaldags?

Þá er ég samt á móti stríði og morðum á börnum.

En hvað ef viðhorf þeirra til fjölbreytileikans er fordómafullt?

Þá er ég samt á móti stríði og morðum á börnum.

En hvað ef þeir hafa komið illa fram við eigin þjóð?

Þá er ég samt á móti stríði og morðum á börnum.

En ef þeir búa í framandi landi, iðka önnur trúarbrögð og líta öðruvísi út en ég?

Þá er ég samt á móti stríði og morðum á börnum.

En hvað ef árársaðillinn er vinur minn og viðskiptafélagi?

Þá er ég samt á móti stríði og morðum á börnum.

En viltu þá gera ekki neitt?

Nei, eyðum sömu fjármunum, sömu herkænsku, sömu einbeitingu og sama krafti og verið er að eyða í stríð og morð á börnum í friðarsamræður.

En það er búið að reyna friðarviðræður?

Ekki með sömu fjármunum, sömu herkænsku, sömu einbeitingu og sama krafti og verið er að eyða í stríð og morð á börnum.

Það hefur aldrei í sögunni verið reynt.

Eyrún Ósk Jónsdóttir